



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Deildarlandsbraut 24
107 08 Reykjavík, Ísland

Tel. (+354) 591 1000
Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Alþingi - Umhverfisnefnd
Selma Hafliðadóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík, 7. mars 2007
Tilvísun: UST20070200201/tb


Efni: Tillaga til þingsályktunar um gerð rammaáætlunar um náttúruvernd

Við er í bréf frá umhverfisnefnd Alþingis, dags. 23. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um tillögu til þingsályktunar um rammaáætlun um náttúruvernd, þskj. 18 - 18. mál.

Umhverfisráðherra skal vinna að gerð náttúruverndaráætlunar samkvæmt 65. gr. laga um náttúruvernd og skal áætlunin ná til landsins alls. Umhverfisstofnun skal í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands, náttúrustofur o.fl. vinna að undirbúningi og öflun gagna fyrir áætlunina. Náttúruverndaráætlun 2004-2008 hefur þegar verið samþykkt. Eins og fram kemur í greinargerð með framangreindri þingsályktunartillögu er rammaáætlun um náttúruvernd einnig ætlað að ná til landsins alls og er gert ráð fyrir að náttúruverndaráætlun sé hluti af henni. Tillagan gerir ráð fyrir að nægjanlegt fjármagn fái til að afla grunnagna svo hægt sé að meta verndargildi svæða á öllu landinu. Skipta skal verndarsvæðum í þrjá verndarflokka.

Grunnforsenda fyrir náttúruverndaráætlun eða rammaáætlun um náttúruvernd er að hægt sé meta náttúruverndargildi svæða eftir ákveðnum viðmiðum (innlendum sem alþjóðlegum) og jafnframt að meta mikilvægi svæða innbyrðis eða mikilvægi þeirra sem hluta af neti verndarsvæða t.d. til að vernda ákveðna tegund. Til þess að framangreint sé hægt þurfa náttúrufarsgögn og önnur gögn um m.a. lífríki, landslag, jarðmyndanir, víðerni, menningarsögu, nýtingu, ógnir o.s.frv. að vera af þeim gæðum að hægt sé að fá fram heildstætt mat. Á þetta skortir töluvert á Íslandi. Umhverfisstofnun telur afar brýnt að meira fjármagn fái til að afla grunnagna eða til að taka saman gögn um náttúru Íslands. Gögnin þurfa að geta nýst bæði við mat á náttúruverndargildi en ekki síður þurfa þau að vera aðgengileg og sett fram á þann hátt að þau má nota við ýmsa ákvarðanatöku. Verði samþykkt þingsályktunartillögunnar til þess að þetta náist fram styður stofnunin tillöguna.

Virðingarfyllst

Trausti Baldursson


Árni Bragason